

# LYKILUPPLÝSINGASKJAL

## Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

Skuldabréfaleið (kt: 511103-9160), séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs (kt: 430269-0389) Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

[www.birta.is](http://www.birta.is)

Einnig er hægt að hafa samband í síma 480-7000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [birta@birta.is](mailto:birta@birta.is).

Birta lífeyrissjóður heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Dagsetning lykilupplýsingablaðs: 01. júní 2026

**Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.**

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Um er að ræða lífeyrissparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, séreignarsparnaðarleið sem ber heitið Skuldabréfaleið. Sjóðfélagar í séreignarsjóði hafa heimild til að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði fá þá mótframlag frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

### Markmið og fjárfestingarstefna

Skuldabréfaleið Birtu eru nánast eingöngu skuldabréf auk lítils hluta í innlánnum. Skuldabréfaleið er ætlað að gefa trausta og stöðuga ávöxtun, bæði til skemmri og lengri tíma. Megináherslan er á verðtryggð skuldabréf traustra útgefenda, svo sem ríkis og sveitarfélaga.

Þó skuldabréfaleið sé ætlað að veita stöðuga ávöxtun geta miklar og snöggar breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði leitt til sveiflna í ávöxtun þar sem verð skuldabréfa breytist við breytingar á markaðsvöxtum.

### Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Skuldabréfaleiðin hentar einkum þeim sem vilja forðast sveiflukennda ávöxtun séreignarsparnaðar.

Nánari upplýsingar um gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma má finna á heimasíðu sjóðsins, [www.birta.is](http://www.birta.is)

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.



Skuldabréfaleið Birtu fellur í áhættuflokk 2. Undirliggjandi eignir fjárfestingarleiðarinnar sveiflast í verði og er verðmæti þeirra háð markaðsaðstæðum hverju sinni. Markaðsaðstæður geta breyst og verð skuldabréfa geta tekið breytingum á skömmum tíma en verð skuldabréfa breytist við breytingar á markaðsvöxtum og geta bæði hækkað og lækkað í verði.

Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættuflokkun og árangur leiðarinnar. Ekki er hægt að ábyrgjast að áhættuflokkunin haldist óbreytt og kann hún að taka breytingum með tímanum.

Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð og hægt er að tapa allri fjárfestingunni í leiðinni. Sjóðfélagi ber ekki ábyrgð á neinum viðbótaraskuldbindingum vegna fjárfestinga í fjárfestingarleiðinni.

## Árangurssviðsmyndir

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni.

Sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning sem byggir á niðurstöðum frá fyrri tíð og á tilteknum forsendum. Markaðir gætu þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þar sem við getum ekki greitt þér.

### Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Dæmi um fjárfestingu	100.000 kr. á ári		
Fjárfestingartímabil	Ef þú gengur út eftir	1 ár	5 ár
Lágmark	Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni.		
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	79.000 kr	460.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-21,32%	-2,74%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	100.000 kr	520.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-0,12%	1,33%
Hóflæg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	107.000 kr	591.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	6,81%	5,62%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	112.000 kr	623.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	12,18%	7,41%
Fjárfest fjárhæð		100.000 kr	500.000 kr

Eftirfarandi tímabil skiluðu þeim ávöxtunum sem kenndar eru við sviðsmyndirnar

	1 ár		5 ár	
Óhagstæð	15. nóvember 2021	→ 15. nóvember 2022	27. maí 2025	→ 01. júní 2026
Hóflæg	24. janúar 2017	→ 24. janúar 2018	11. desember 2018	→ 11. desember 2023
Hagstæð	17. október 2018	→ 17. október 2019	06. september 2016	→ 06. september 2021

## Hvað gerist ef Skuldabréfaleið Birtu getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Skuldabréfaleið Birtu getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Skuldabréfaleið Birtu fellur ekki undir ábyrgðarkerfi fjárfesta skv. íslenskum lögum.

## Hver er kostnaðurinn?

Gjöldin sem greidd eru fyrir rekstur fjárfestingarleiðarinnar eru innheimt mánaðarlega og eru dregin frá gengi sjóðsins. Það er fast hlutfall sem greiðir fyrir allan kostnað við eignastýringu, rekstur, utanumhald, uppgjör og fjárfestingagjöld.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er ef flutningur er á milli sparnaðarleiða hjá Birtu lífeyrissjóði
- Engin sölulaun
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina

Tölurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina [og hvernig afurðin stendur sig (eftir atvikum)]. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

– Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). [Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni]

– Fjárfest er fyrir 100.000 kr á ári

	Ef þú gengur út eftir 1 ár	Ef þú gengur út eftir 5 ár
Heildarkostnaður kr.	296 kr	5.167 kr
Árleg áhrif kostnaðar (*)	0,30%	0,30%

(\*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 5,92% fyrir kostnað og 5,62% eftir kostnað.

Ítarleg sundurliðun kostnaðar		
Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu	Árleg áhrif kostnaðar ef þú gengur út eftir 5 ár	
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjöld	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngugjöld	0%
Viðvarandi kostnaður sannreynður hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar stjórnsýslu- eða rekstrarkostnaður	Kostnaður sem innheimtur er mánaðarlega fyrir eignastýringu, rekstur og utanumhald. 0,29% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári	0,29%
Viðskiptakostnaður	0,004% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlunin um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi verðbréf afurðarinnar. Raun fjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,004%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð	0%

Samantekinn kostnaður			
Einskiptiskostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Kostnaður sem þú greiðir við upphaf fjárfestingarinnar
	Útgöngukostnaður	0,00%	Kostnaður sem þú greiðir við að innleysa fjárfestinguna
Viðvarandi kostnaður	Annar viðvarandi kostnaður	0,30%	Kostnaður sem innheimtur er mánaðarlega fyrir eignastýringu, rekstur, utanumhald, uppgjör og að kaupa og selja undirliggjandi eignir
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Árangurstengd þóknun

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

### Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Það er ekki gerð krafa um lágmarksfjárfestingartíma en mælt er með 5 ára fjárfestingartímabili.

Almennur séreignasparnaður er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri, að því gefnu að a.m.k. tvö ár séu liðin frá fyrstu innborgun. Einnig er hægt að sækja um útgreiðslu séreignar vegna örorku eða fráfalls eiganda séreignarsparnaðarins. Í boði er að nýta séreignarsparnað til lækkunar á höfuðstól fasteignalána eða við kaup á fyrstu fasteign í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

Tilgreind séreign er laus til útborgunar við 62 ára aldur og greiðslum skal þá dreifa að lágmarki til 5 ára. Einnig er hægt að sækja um útgreiðslu tilgreindu séreignarinnar vegna örorku eða fráfalls eiganda og gilda þá sömu reglur um útgreiðslu og eiga við um hefðbundinn séreignarsparnað.

Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til sjóðsins. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu. Óski réttthafi þess er heimilt að gera samning um flutning innistæðu eftir uppsögn til aðila, sem heimild hefur skv. lögum nr. 129/1997 til að taka við séreignarsparnaði og gera samning þar um. Birta lífeyrissjóður hefur ekki heimild til að segja upp samningi gagnvart sjóðfélögum.

### Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 480-7000, í afgreiðslu sjóðsins að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík eða senda tölvupóst á netfangið [birta@birta.is](mailto:birta@birta.is).

### Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekar upplýsingar um séreignarsparnað Birtu er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.birta.is](http://www.birta.is).

Þar má m.a. finna fjárfestingarstefnu sjóðsins, ársreikning og reiknivél séreignar Birtu.

Engin lágmarksfjárfesting er í sjóðnum.